

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2024

frá 15. mars 2024

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2137 frá 6. október 2023 um að veita heitinu „Schouwen-Duiveland“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2140 frá 6. október 2023 um að veita heitinu „Terres du Midi“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2148 frá 6. október 2023 um að veita heitinu „Terras da Beira“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2164 frá 10. október 2023 um að veita heitinu „Großräschener See“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2173 frá 10. október 2023 um að veita heitinu „Terras de Cister“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2182 frá 10. október 2023 um að veita heitinu

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2137, 13.10.2023.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2140, 13.10.2023.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2148, 13.10.2023.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2164, 17.10.2023.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2173, 17.10.2023.

„Terras do Dão“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽⁶⁾.

- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8x (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1418) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

- „8y. **32023 R 2137**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2137 frá 6. október 2023 um að veita heitinu „Schouwen-Duiveland“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2137, 13.10.2023).
- 8z. **32023 R 2140**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2140 frá 6. október 2023 um að veita heitinu „Terres du Midi“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2140, 13.10.2023).
- 8za. **32023 R 2148**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2148 frá 6. október 2023 um að veita heitinu „Terras da Beira“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2148, 13.10.2023).
- 8zb. **32023 R 2164**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2164 frá 10. október 2023 um að veita heitinu „Großräschener See“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2164, 17.10.2023).
- 8zc. **32023 R 2173**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2173 frá 10. október 2023 um að veita heitinu „Terras de Cister“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2173, 17.10.2023).
- 8zd. **32023 R 2182**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2182 frá 10. október 2023 um að veita heitinu „Terras do Dão“

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2182, 17.10.2023.

(VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L, 2023/2182, 17.10.2023).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2137, (ESB) 2023/2140, (ESB) 2023/2148, (ESB) 2023/2164, (ESB) 2023/2173 og (ESB) 2023/2182, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.